



Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 100.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á netinu 14. desember 2021 kl 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson, Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi frá Flokkun Eyjafjarðar og Fannar J. Viggósson.

Dagskrá

1. Fundargerð 99. fundur.
2. Verkaskipting stjórnar.
3. Rekstur 2021.
4. Erindi PCC BakkiSilicon hf.
5. Erindi frá SSNV – styrkumsókn.
6. Bréf til kynningar.
7. Önnur mál

1. Fundargerð 99. fundur.

Fundargerð frá stjórnarfundum nr. 99 samþykkt formlega.

2. Verkaskipting stjórnar.

Á aðalfundi sem haldinn var 2. september sl., var stjórnin endurkjörin. Fyrir liggur tillaga um sömu verkaskiptingu og áður, Magnús B. Jónsson formaður, Einar E. Einarsson, ritari og Sveinn Úlfarsson, meðstjórnandi. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Staða rekstar.

Magnús lagði fram yfirlit um stöðu rekstar miðað við áætlun, frá 1. janúar til 31. október 2021. Tekjur eru umtalsvert minni en áætlað var en það skýrist fyrst og fremst af minna sorpmagni til urðunar en áætlað var að magnið yrði svipað og árið 2020. Gjaldaliðir eru á áætlun og reksturinn mun áfram skila hagnaði eins og stefnt var að.

Sé horft betur á sorpmagnið þá er búið að urða í ár fram til 10. desember 19.800 tonn en á sama tímabili árið 2020 var búið að urða 25.050 tonn. Þetta er samdráttur upp á tæplega 5.500 tonn. Ekki er hægt að skýra þennan samdrátt með einum þætti en sorp frá heimilum og fyrirtækjum dregst í heildina saman um rúmlega 1.700 tonn. Hluti af því gæti verið minni neysla og aukin flokkun en of snemmt er að draga stórar ályktanir af þessari þróun. Eins má nefna að samningur við Sorpsamlag Suðurlands er ekki lengur í gildi og ekkert hefur hingað til borist af ketilryki eða kolasalla til urðunar.



Fannar fór yfir stöðuna á daglegum rekstri og gengur móttaka á sorpi vel þrátt fyrir að settar hafi verið upp tvöfaldar vaktir tvisvar á árinu vegna aukinna Covid smita í samfélaginu. Ennþá er erfitt að fá uppgefna sorpflokka hjá flutningsaðilum sem koma með sorp til urðunar en búið er að skrifa stærstu aðilunum til að reyna laga þetta þar sem mikilvægt er að skráning á því sem kemur til urðunar sé sem réttust á bæði tegund og uppruna sorpsins. Gerðar voru rúmmálmælingar á urðunarhólfinu í lok ágúst og reyndust þá vera rúmlega 138.000 rúmmetar eftir í hólfinu. Gera má ráð fyrir að það fyllist í lok árs 2024. Gryfja fyrir sláturúrgang mun fyllast á komandi ári.

4. Erindi PCC BakkiSilicon hf.

Fyrir liggur erindi frá PCC BakkiSilicon hf. um að fá að urða blöndu af óbrenndum hráefnum sem ekki er hægt að endurnýta. Uppistaðan í þessu efni eru kvarsít, kol og viðarflís. Gert er ráð fyrir að samanlagt falli til 10-16 tonn á mánuði en því til viðbótar bíða um 600 tonn urðunar. Með bréfinu fylgja ítarlegar efnagreiningar á þessum efnum. Einnig er í bréfinu farið fram á afslátt af skráðu urðunargjaldi á viðkomandi flokk.

Þar sem fyrir liggja niðurstöður mælinga sem sýna að efnið fer yfir heimiluð viðmiðunarmörk fyrir DOC og TOC eða lífræn efni, en að öðru leiti undir þeim fyrir tilgreind efni í reglugerð 738/2003 II viðauki. Samþykkt að fela Magnúsi að senda bréf á Umhverfisstofnun og óska eftir að stofnunin fari yfir meðfylgjandi gögn frá PCC, ALS og Ásbirni Einarsyni og skeri úr um það hvort Norðurá bs. fái heimild til að taka við þessum úrgangi í Stekkjarvík til urðunar og eða hvort Umhverfisstofnun sjái aðrar leiðir fyrir meðhöndlun eða afsetningu.

Komi til þess að heimilt verði að urða efnið er stjórn sammála um að víkja ekki frá gildandi gjaldskrá og verður urðunarkostnaður hvers kíló gjaldfærður samkvæmt sorpflokki 190116 í gildandi gjaldskrá Norðurá bs hverju sinni.

5. Erindi frá SSNV – styrkumsókn.

Fyrir liggur bréf frá SSNV þar sem farið er framá að Norðurá bs., taki þátt í kostun á tilraunaverkefni til þriggja ára sem lýtur að ráðningu starfsmanns með starfsheitið verkefnisstjóri loftslagsmála og innleiðingu heimsmarkmiða. Hlutverk starfsmannsins yrði að aðstoða sveitarfélögin með þau verkefni sem rakin voru hér að framan og önnur þau sem við kunna að bætast. Gert er ráð fyrir að hvert ár kosti 16,7 milljónir króna og sótt er um að Noðurá bs., styrki verkefnið um 4 milljónir á ári fyrstu tvö árin og 2 milljónir þriðja árið eða samtals 10 milljónir. Samþykkt að verja til þessa verkefnis 5 milljónum á þremur árum (2+2+1), og þá að því gefnu að fjármögnun verkefnisins í heild gangi eftir.

6. Bréf til kynningar

Lagt fram bréf, undirritað af Magnúsi Jónssyni, sem sent var Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 22. október, þar sem stjórn Norðurár bs óskar úrskurðar um lögmæti gjaldtöku Umhverfisstofnun umfram lögbundin eftirlitsgjöld fyrir urðunarstaðinn í Stekkjarvík. Bréfið var samþykkt af stjórn með tölvupóstum áður en það var sent.

Lagt fram bréf dags. 17. september sem sent var öllum sveitarstjórnnum á Norðurlandi eftir aðalfund Norðurá bs. 2. september sl. Í bréfinu er tilkynnt um þá ákvörðun aðalfundar að stjórn Norðurá vinni áfram að undirbúningi á uppsetningu á brennsluofni fyrir dýrhæ.

Lagt fram bréf dags. 15. nóvember sl. sem sent var öllum aðildarsveitarfélögum Norðurár bs vegna gerðar Svæðisáætlunar. Í bréfinu kemur fram að erindi hafi borist frá Flokkun Eyjafjörður þar sem lýst er vilja til að hefja vinnu við gerð nýrrar svæðisáætlunarinnar. Með bréfinu er óskað samþykkis aðildarsveitarfélaganna á að Norðurá bs verði mótaðili þeirra við gerð svæðisáætlunar, greiði þann kostnað sem í þeirra hlut félli og skipi í starfshóp um málið. Fram kom að nokkur sveitarfélög hafi svarað jákvætt en ekki hafi borist svör frá öllum og því sé ekki tímabært að svara

7. Önnur mál

Rætt um næstu skref varðandi brennsluofn og að fylgja eftir ákvörðun aðalfundar. Einnig rætt um uppgang núverandi bylgju Covid og hugsanleg áhrif hennar á starfsemina.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson